

## Nefndarálit með breytingartillögu

### um tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027 og aðgerðaáætlun.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá menningar- og viðskiptaráðuneyti, Félagi heyrnarlausra, Hugvísindasviði Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, málnefnd um íslenskt táknmál og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Þá bárust nefndinni sex umsagnir sem eru aðgengilegar undir málinu á vef Alþingis, auk minnisblaðs frá menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni eru settar fram sex meginstoðir málstefnu íslensks táknmáls, sem taki nánar tiltekið til máltöku táknmálsbarna, rannsókna og varðveislu, jákvæðs viðhorfs, fjölgunar umdæma íslensks táknmáls, lagaumhverfis og máltækni. Þá er í II. kafla tillögunnar sett fram málstefna íslensks táknmáls þar sem tilteknar eru ákveðnar áherslur sem varða sérstaklega hverja og eina stoð, auk aðgerðaáætlunar í III. kafla um ýmsar aðgerðir sem falla undir tilteknar meginstoðir málstefnunnar og er á ábyrgð stjórnvalda að framkvæma.

#### Umfjöllun nefndarinnar.

##### *Almennt.*

Í 3. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61/2011, er kveðið á um að íslenskt táknmál sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Stjórnvöld skuli hlúa að því og styðja. Þá segir í 5. gr. að íslenska ríkið og sveitarfélög stuðli að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslensks táknmáls og styðji að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausra, heyrnarskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Með vísan til þessa fagnar nefndin tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls og aðgerðaáætlun og telur brýnt að hún nái fram að ganga. Líkt og fram kemur í greinargerð með tillögunni er íslenskt táknmál eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi. Þær aðgerðir sem er lagt til að komi til framkvæmda á gildistíma málstefnunnar eru brýn skref til að ná markmiðum málstefnu íslensks táknmáls og tryggja að lögum um stöðu íslensku og íslensks táknmáls sé framfylgt.

##### *Máltaka táknmálsbarna.*

Nefndin áréttar það sem fram kemur í umsögn Félags heyrnarlausra um að markviss málörvun sé lykillinn að færni barna til framtíðar. Í því ljósi sé grundvallaratriði að talað sé við táknmálsbörn á móðurmáli þeirra á öllum skólastigum og þau fái markvissa málörvun á íslensku táknmáli til jafns við börn sem tala íslensku. Félagið bendir á að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í íslensku skólakerfi og starfi á grundvelli laga um leikskóla, nr. 90/2008, en á grundvelli laga nr. 61/2011 er kveðið á um að íslensk tunga og íslenskt táknmál séu jafnrétt há og óheimilt sé að mismuna einstaklingum eftir því hvort málið þeir nota. Táknmálsbörn

eigi því rétt á að njóta sömu málörvunar og önnur börn. Mikilvægt sé að lögð verði áhersla á aðgengi táknaþáttanna að tryggja málumhverfi með móðurmálsfyrirmyndum á öllum stigum skólagöngu. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og áréttar það sem segir m.a. í greinargerð með tillöggunni um að með því að leggja áherslu á máltöku táknaþáttanna er sjónum beint að mikilvægi íslensks táknaþátt fyrir framtíð þeirra. Táknaþátt börn eigi rétt á því að fá kennslu á og í íslensku táknaþátt á máltökuskeiði og öllum stigum skólagöngu, sbr. lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaþátt.

#### *Lögverndun starfsheitis táknaþáttstúlka.*

Í umsögn Félags heyrnarlausra er einnig bent á að ekkert gæðaeftirlit sé með táknaþáttstúlku á Íslandi og ekkert í lögum sem tryggi gæði túlkunar og ákveðna lágmarkskunnáttu, eins og t.d. samræmt próf. Mögulegt sé að loknu BA-prófi í táknaþáttfræði og táknaþáttstúlku að hefja störf sem táknaþáttstúlka án þess að hafa fengið nokkra handleiðslu sem slíkur eða standast hæfnispróf þar um. Félagið kallar eftir því að starfsheiti táknaþáttstúlka verði lögverndað í þeim tilgangi að tryggja gæði og færni starfandi túlka.

Í minnisblaði menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 26. janúar 2024, er hvað þetta varðar gerð grein fyrir því að lögverndun eða löggilding geti verið með mismunandi hætti og falið í sér mismiklar skorður við því hverjir geti stundað ákveðna atvinnustarfsemi eða hvernig þeir geti kynnt sig til starfa. Ákveðinn munur sé á lögverndun starfs og lögverndun starfsheitis, þó það fari oft saman. Þá séu fyrir hendi minna íþyngjandi leiðir til að setja reglur um hverjir stundi tiltekna atvinnustarfsemi eða til að auka yfirsýn yfir hverjir séu starfandi í tiltekinni atvinnugrein, svo sem skráning og vottun. Nefndin tekur undir það sem fram kemur í umsögn Félags heyrnarlausra um að rétt túlkun skipti sköpum og beinir því til ráðuneytisins að það verði skoðað nánar með hvaða hætti sé best að tryggja færni táknaþáttstúlka.

#### *Þýðing máltækni og gervigreindar við gagnasöfnun.*

Í umsögn stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er bent á að í mörgum liðum þeirra aðgerða sem falla undir meginstoð A um máltöku táknaþáttanna sé vikið að námi og kennslu. Á hinn bóginn sé ekkert getið um þátt máltækni í því sambandi. Í umfjöllun um meginstoð F um máltækni er hins vegar minnst á „gerð námsefnis, leiðir til fjarnáms og fjarkennslu“. Þannig skorti á að vísað sé á milli meginstoðar A og F hvað máltækni varðar, þ.e. að taka á einhvern hátt fram við umfjöllun um meginstoð A um nám og kennslu í íslensku táknaþátt, að máltækni geti komið þar að gagni. Að sama skapi þyrfti í umfjöllun um meginstoð F að vísa þar til samspils máltækni og námsefnis, náms og kennslu.

Í umsögn Hugvísindasviðs Háskóla Íslands er bent á að til að efla rannsóknir, skráningu og varðveislu íslensks táknaþátt þurfi að koma til auðið fjármagn í þennan málaflokk. Þá sé til athugunar í samstarfi við Menntavísindasvið að koma á fót námi í kennslufræði táknaþátt. Eigi það að verða að veruleika og taka mið af þeim áherslum sem fram komi í þingsályktunartillöggunni þurfi að bæta við stöðugildi á þessum tveimur fræðasviðum skólans. Þá er athygli vakin á því að rétt væri að nefna samstarfsaðila á sviði gervigreindar undir 2. lið meginstoðar F um máltækni vegna áforma um gagnasöfnun, enda mikilvægt, ætli menn sér að nýta slíka tækni, að taka mið af þróun hennar frá upphafi. Slíkir samstarfsaðilar gætu verið námsbraut í tölvunarfræði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík eða Vitvélástofnun Íslands.

Fyrir nefndinni var jafnframt fjallað um fjarnám í íslensku táknaþátt og þátt máltækni þar að lútandi. Fram kom að þrátt fyrir að máltækni væri enn sem komið er ekki mjög langt á veg komin hvað varðar gerð námsefnis, fjarnáms og fjarkennslu, væri afar mikilvægt að byrja að

þróa lausnir á því sviði sem allra fyrst og þá í nánu samstarfi við aðila annars staðar á Norðurlöndum.

### **Breytingartillögur nefndarinnar.**

*Greitt aðgengi að íslensku táknmáli á fyrstu stigum máltöku.*

Umsagnaraðilar voru almennt jákvæðir um efni tillögunnar og fagna því að málstefna um íslenskt táknmál ásamt aðgerðaáætlun sé lögð fram í fyrsta skipti. Nokkur gagnrýni kom þó fram á 1. tölul. aðgerðaáætlunarinnar um aðgerðir sem falla undir meginstöð A varðandi máltöku táknmálsbarna. Þar er mælt fyrir um að reynist barn vera með skerta heyrn verði snemmtækri íhlutun beitt til að tryggja viðkomandi barni og fjölskyldu þess öll úrræði sem komi barninu að gagni. Sé ástæða til verði foreldrum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna bent á þjónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þá sé ábyrgð á aðgerðinni falin Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Í umsögn Félags heyrnarlausra er bent á að ef barn greinist með skerta heyrn, heyrnarleysi eða samþætta sjón- og heyrnarskerðingu eigi það rétt á að læra og nota íslenskt táknmál frá greiningu eða jafnskjótt og máltaka hefst, sbr. 3. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61/2011, sem og aðstandendur barnsins. Í umsögn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er jafnframt gerð athugasemd við aðgerðina og bent á að orðalagið „sé ástæða til“ sé mjög óljóst og feli í sér að aðkoma mál- og menningarsamfélags íslensks táknmáls sé að engu gerð nema sérfræðingar á öðrum fagsviðum telji það nauðsynlegt eða önnur úrræði hafi verið reynd. Samskiptamiðstöðin bendir á að afar mikilvægur tími á næmiskeiði í máltöku táknmálsbarna geti glatast, fái barnið og fjölskylda þess ekki notið táknmálþjónustu um leið og heyrnarskerðing greinist. Þá skipti það jafnframt máli til þess að táknmálsbörn og fjölskyldur þeirra hafi raunverulegt val um samskiptamál síðar á lífsleiðinni. Stjórnvöld verði því að tryggja að þau fái upplýsingar og ráðgjöf frá sérfræðingum sem starfi með íslenskt táknmál um leið og táknmálsbarn fæðist eða heyrnarskerðing greinist. Heyrandi börn táknmálstalandi foreldra eigi jafnframt sama rétt og heyrnarskert börn en með orðalagi aðgerðarinnar séu þau ekki hluti af þeim hópi sem aðgerðin nái til. Þá sé orðalag aðgerðarinnar í mótsögn við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 61/2011 þar sem kveðið er á um rétt táknmálsbarna til þess að læra íslenskt táknmál jafnskjótt og máltaka hefst eða heyrnarskerðing greinist. Þá gagnrýna umsagnaraðilar jafnframt að ábyrgð á framkvæmd aðgerðarinnar í 1. tölul. meginstöðar A í aðgerðaáætlun sé aðeins lögð á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ekki sé tilgreint hvernig og hvar það mat eigi fram að fara, sem felst í orðunum „sé ástæða til“, en lagt til að væntanlega mætti tilgreina t.d. heilsugæslustöðvar og leikskóla.

Nefndin undirstrikar mikilvægi þess að stjórnvöld og opinberir aðilar, sem hafa aðkomu að málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra og sinna m.a. málefnum barna, upplýsi táknmálsbörn og foreldra þeirra um hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og þá ráðgjöf, fræðslu og þjónustu sem þar er veitt um kennslu í íslensku táknmáli. Má í því samhengi nefna t.d. heilsugæslur, heilbrigðisstofnanir og leik- og grunnskóla. Nefndin tekur jafnframt undir ábendingar umsagnaraðila um að mikilvægt sé að þetta sé gert um leið og heyrnarleysi eða heyrnarskerðing hjá börnum greinist til að gefa þeim kost á að nýta sér íslenskt táknmál til jafns við annan tjáningarmáta allt frá upphafi. Nefndin leggur því til breytingu þess efnis að stjórnvöld skuli beina táknmálsbörnum og foreldrum þeirra til Samskiptamiðstöðvar jafnskjótt og máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða samþætt sjón- og heyrnarskerðing hefur greinst, enda felst í því réttur

til aðgengis að íslensku táknmáli og þar með val um samskiptamál sem verði þar með þáttur í snemmtækri íhlutun.

*Samræmt orðalag varðandi hugtakið táknmálsbörn.*

Í umsögn Félags heyrnarlausra og málnefndar um íslenskt táknmál var gerð athugasemd við að sums staðar, líkt og í 6. tölul. aðgerðaáætlunarinnar um aðgerðir sem falla undir meginstoð A: Máltöku táknmálsbarna, sé vísað til „táknmálstalandi barna“ þegar heppilegra sé að gæta að samræmi í notkun hugtaka og nota frekar hugtakið „táknmálsbörn“. Nefndin tekur undir þetta, einkum með hliðsjón af því að í greinargerð kemur fram að hugtakið „táknmálsfólk“ sé notað sem yfirheiti yfir m.a. þá sem líti á íslenskt táknmál sem sitt móður-mál/fyrsta mál og vísi það bæði til fullorðinna og barna, þ.e. táknmálsbarna. Nefndin leggur því til að breytingu þess efnis að alls staðar í aðgerðaáætlun verði vísað til táknmálsbarna.

Þá leggur nefndin til nokkrar breytingar sem eru tæknilegs eðlis og þarfnast ekki skýringa. Að framangreindu virtu leggur nefndin til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

#### BREYTINGU:

1. Í stað orðanna „fimm meginstoða“ í I. kafla komi: sex meginstoða.
2. Við III. kafla.
  - a. Í stað 1. og 2. másl. 1. tölul. aðgerða sem falla undir meginstoð A: Máltöku táknmálsbarna komi: Stjórnvöld beini táknmálsbörnum og foreldrum þeirra til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem veitir ráðgjöf og fræðslu um íslenskt táknmál svo þau geti notið réttar síns til að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt og máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða samþætt sjón- og heyrnarskerðing hefur greinst.
  - b. Í stað orðanna „táknmálstalandi barna“ tvívegis í 6. tölul., „táknmálstalandi börn“ í 7. tölul. og „táknmálstalandi börnum“ 12. tölul. aðgerða sem falla undir meginstoð A: Máltöku táknmálsbarna komi, í viðeigandi beygingarfalli: táknmálsbörn.
  - c. Í stað orðsins „veitt“ í 2. másl. 6. tölul. aðgerða sem falla undir meginstoð A: Máltöku táknmálsbarna komi: boðið.
  - d. 1. másl. 5. tölul. aðgerða sem falla undir meginstoð C: Jákvætt viðhorf orðist svo: Fræðsla um íslenskt táknmál, sögu þess og menningu, verði hluti af námsefni grunn-skólabarna.
  - e. Í stað orðsins „Menntamálastofnun“ í 5. tölul. aðgerða sem falla undir meginstoð C: Jákvætt viðhorf og 1. tölul. aðgerða sem falla undir meginstoð F: Máltækni komi: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.
  - f. Í stað ártalsins „2023“ í 2. tölul. aðgerða sem falla undir meginstoð E komi: 2024.

Bergþór Ólason og Eyjólfur Ármannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Eyjólfur Ármannsson ritar undir álitíð með heimild í 2. mgr. 29. gr. þingskapa.

Sigmar Guðmundsson, áheyrnarfulltrúi, er samþykkur álit þessu.

Alþingi, 14. mars 2024.

Bryndís Haraldsdóttir, form.	Líneik Anna Sævarsdóttir, frsm.	Berglind Ósk Guðmundsdóttir.
Dagbjört Hákonardóttir.	Eyjólfur Ármannsson.	Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir.
Halldóra Mogensen.		Brynhildur Björnsdóttir.